

Félageldriborgara á Seltjarnarnesi - FEBSEL

Fundargerð

Fundarstaður: Félagsaðstaðaelldriborgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7

Fundartími: 20. febrúar 2024 kl. 16.30

Mættir: Inga Hersteinsdóttir, Kristbjörg Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Sigríður Ólafsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir, semritaðifundargerð. Helgi Hjaltason og Þóra Einarisdóttir boðuðuforföll.

Fundarefni:

1. Rætt um verkefnifyfirstandandistarfsárs, ogerufundarmennánægðirmeðauknastarfsemi.
2. Aðalfundur undirbúinn. Ólafur Egilsson verður beðinn að taka að sér fundastjórn aðalfundarins, en því verkefni hefur hann sinnt frá upphafi. SÓ athugar með veitingar, KÓ talar við þá sem reka félagsaðstöðuna, RH verður fundarritari.
3. Huga þarf að fulltrúum okkar á landsþing LEB 14. maí nk., en gert er ráð fyrir að tveir úr stjórn, KÓ og SÓ sækji fundinn og tilnefna má einn félagsmann til viðbótar. Fundurinn verður í beinu streymi. Gott að taka þetta til umræðu á aðalfundi.
4. Auglýsing aðalfundar FEBSEL verður með sama hætti og áður, nema að nú eru Nesfréttir ekki lengur gefnar út.
5. KÓ, SÓ og RH sátu fund Öldungaráðs með bæjarstjóra og fulltrúum bæjarfélagsins um stofnun nefndar til að móta stefnu bæjarins í málefnum aldraðra. Gert er ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti 5-7 einstaklingar, þar af einn fulltrúi frá FEBSEL. Stjórn FEBSEL leggur áherslu á mikilvægi þess að stefnan verði með raunhæfum og mælanlegum aðgerðum og tímasett, annars er hætta á að stefnan verði bara orð á blaði.
6. Stefán Bergmann hefur kynnt hugmyndir um lagabreytingar, m.a. varðandi aldurstengt árgjald. Árgjald er mjög lágt og ekki er talin ástæða til að breyta því. Jafnframt bendir hann á að rétt sé að minna á Öldungaráð í lögum FEBSEL, en tilkoma Öldungaráða sveitarfélaga var hvati að stofnun FEBSEL. Jafnframt verða lagðar til smávægilegar breytingar á lagagrein um að ársreikningar liggi frammi viku fyrir aðalfund. Rætt um með hvaða hætti sé árangursríkast að kynna tillögur til lagabreytinga.
7. Rætt um skipan stjórnarinnar. Þóra hyggst ganga úr stjórninni. RH óskar eftir að láta af störfum ritara, og jafnvel að ganga úr stjórninni.

8. Mikilvægt er að örva til umræðna undir önnur mál í lok aðalfundar og kanna hug félagsmanna til starfseminnar. Stjórnarmenn munu velta fyrir sér leiðum til þess að svo megi verða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 18.45

RH